

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss haldinn í félagsheimilinu Tíbrá fimmtudaginn 14. apríl 2016.

Fundargerð

1. Formaður félagsins Guðmundur Kr. Jónsson setti fundinn kl. 20:00 og bauð fundarmenn og gesti velkomna.
2. Fundarstjóri var kosinn Grímur Hergeirsson og Gissur Jónsson til vara.
3. Fundarritarar voru kosin Viktor S. Pálsson og Hróðný Hanna Hauksdóttir.
4. Í kjörbréfanefnd voru kosin Sveinbjörn Másson, Kristjana Hallgrímsdóttir og Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar var lögð fram og samþykkt.
6. Formaður flutti ársskýrslu félagsins fyrir árið 2015 og gat þess að ákveðið hefði verið að flétta skýrslunni saman við útgáfu á ársriti félagsins – Braga, sem dreift yrði á öll heimili í sveitarfélaginu. Í máli formannsins kom fram að starfið byggðist upp á starfsmönnum, þjálfurum, foreldrum og sjálfboðaliðum og þakkaði hann þeim fyrir góð störf. Því næst fór hann yfir helstu afrek félagsins á síðastliðnu ári og nefndi sérstaklega góðan árangur fimleikafólks félagsins á Norðurlanda- og Íslandsmeistaramóti og bikarleik hjá meistaraflokk kvenna í knattspyrnu sem fram fór á Laugardalsvelli síðastliðið sumar. Frjálsíþróttakadema tók til starfa á árinu og farið var í umfangsmiklar breytingar á félagsaðstöðu félagsins. Formaðurinn hvatti starfsmenn deilda félagsins til að nýta þá góðu aðstöðu sem nú væri boðið uppá í Tíbrá, og að það myndi bæta félagsstarfið og samvinnu milli deilda. Formaðurinn greindi frá því að Örn Guðnason hefði haft frumkvæði að því að fá Húsasmiðjuna og Hótel Selfoss til að gefa félaginu það ræðupúlt sem nú hefði verið tekið í notkun. Formaður þakkaði sveitarfélaginu fyrir að koma upp góðri aðstöðu fyrir sunddeildina og hvatti til áframhaldandi uppbyggingu mannvirkja á íþróttasvæðinu, en tillaga þess efnis lægi fyrir fundinn og yrði borin síðar upp á fundinum til samþykktar. Nýr samningur var gerður við sveitarfélagið vegna starfsemi félagsins og fór formaðurinn í stuttu máli yfir efni hans. Að lokum minnti formaðurinn á að félagið yrði 80 ára á árinu og greindi frá því að haldin yrði vegleg hátíð í sumar þar sem félagsmenn munu koma saman, hafa gaman og líta um öxl og fagna góðum afrekum.
7. Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss, fór yfir helstu tölur í ársreikningi félagsins.
8. Sveinbjörn Másson lagði fram álit kjörbréfanefndar og fór yfir mætingu fulltrúa. Kjörbréf vantaði frá mótorkross-deild. Mættir voru 48 af þeim 51 fulltrúum sem áttu rétt til setu á fundinum.
9. Umræður um skýrslu formanns og ársreikninga félagsins.

Reikningar félagsins voru lagðir fram og voru þeir samþykktir samhljóða.

10. Ávörp gesta.

Fyrst tók til máls Hafsteinn Pálsson frá ÍSÍ og lýsti hann yfir mikilli ánægju með að fá að ávarpa fundinn. Hafsteinn kvaðst vera kominn í embættiserindum til að afhenda júdódeild félagsins viðurkenningu sem fyrirmyndardeild – afhenti hann formanni deildarinnar viðurkenningarskjál og fána verkefnisins. Formaður UMFS óskaði eftir að fulltrúi sveitarfélagsins Árborgar aðstoðaði við athöfnina, þar sem sveitarfélagið styddi fyrirmyndardeildir með fjárstuðningi.

Næst tók til máls Kjartan Björnsson, formaður íþrótt- og menningarnefndar Árborgar, lýsti hann yfir ánægju með nýja formið á útgáfu árskýrslu – Braga. Í máli hans kom fram að sveitarfélagið veitti fyrirmyndadeildum fjárstuðning. Hann kvað starf félagsins vera umfangsmikið og greindi frá hugmyndum um 8 ára uppbyggingu íþróttamannvirkja í bæjarfélaginu og óskaði eftir hugmyndum félagsins vegna þeirrar vinnu. Þá fór hann yfir starfið á þeim áttatíu árum sem félagið hefur starfað og hvernig góðir félagsmenn hafa drifið það áfram og fyrir slíkt bæri að þakka. Að lokum óskaði hann stjórnarmönnum til hamingju með nýtt kjör.

Því næst kvaddi sér til hljóðs Helgi Haraldsson varaformaður HSK, færði hann fundarmönnum kveðju frá stjórn HSK, sem og þakkir fyrir framkvæmd á ársþingi HSK sem haldinn var hér á Selfossi og kvað hann veitingar hafa verið sérlega glæsilegar.

11. Formaður félagsins gerði grein fyrir tillögum sem lágu fyrir fundinn.

Tillaga 1

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 14. apríl 2016 þakkar

- *þeim sem stutt hafa starf félagsins á árinu meðal annars með þátttöku í starfinu og setu í stjórnnum, ráðum og nefndum.*
- *stuðningsaðilum, fyrirtækjum, þjálfurum, iðkendum, foreldrum og öðrum sem unnið hafa að framgangi félagsins.*
- *Sveitarfélaginu Árborg fyrir veittan stuðning við starfsemi félagsins.*

Tillaga 2

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 14. apríl 2016 lýsir ánægju sinni með glæsilegar endurbætur á Sundhöll Selfossi og hvetur til enn frekari metnaðar varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu á komandi árum.

Aðstaðan á Selfossi og samnýting íþrótt- og skólahúsnaðis er, sem fyrr, að mörgu leyti til fyrirmyndar og vekur aðdáun gesta sem sækja íþróttaviðburði á Selfossi.

Skorað er á sveitarfélagið að taka þegar í stað höndum saman við Umf. Selfoss að marka sameiginlega framtíðarsýn um uppbyggingu íþróttamiðstöðvar Selfoss sem tryggir fullkomna æfinga- og keppnisaðstöðu á Selfossi.

Tillaga 3

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 14. apríl 2016 hvetur aðildarféлага sína til að fjölmenna á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2016 sem og Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður á Ísafirði 10. - 12. júní 2016, keppendur jafnt sem aðstandendur.

Tillaga 4

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 14. apríl 2016 samþykkir að vinna áfram að forvörnum gegn vímuefnanotkun hjá iðkendum innan félagsins, hvort sem um ræðir tóbak, áfengi, stera eða aðra vímuefna með virkri fræðslu og kynningu. Einnig að stuðla að því að virðing sé borin fyrir því banni, bæði af íþróttafólki og gestum á heimavelli félagsins, og hvort sem farið er með íþróttafólk til keppni hér heima eða erlendis.

Tillaga 5

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 14. apríl 2016 samþykkir að árgjald félagsins fyrir árið 2016 verði kr. 3.000. Fundurinn felur framkvæmdastjórn að útfæra leiðir sem gefa almenningi kost á að gerast félagar í Umf. Selfoss. Skráning í félagið skal vera aðgengileg í gegnum vefsíðu Umf. Selfoss.

Tillaga 6

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 14. apríl 2016 fagnar viljayfirlýsingu Sveitarfélagsins Árborgar, í þjónustusamningi við Umf. Selfoss, um að auka framlag sveitarfélagsins til afreksstarfs Umf. Selfoss frá og með árinu 2017.

Styrkurinn verður notaður til að styðja við grunnrekstur á meistaraflokkum félagsins og hjálpa til við að styrkja starf félagsins og auðvelda því að halda úti víðtæku og öflugum afreksstarfi innan sveitarfélagsins.

Tillaga 7

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 14. apríl 2016, hvetur þjálfara og stjórnarmenn allra deilda til að fjölmenna á árlega þjálfararáðstefnu í Árborg sem haldin er á Selfossi.

Tillaga 8

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 14. apríl 2016 samþykkir að heimila framkvæmdastjórn félagsins að kjósa heiðursfélaga Umf. Selfoss og aðrar heiðursviðurkenningar sem veittar verða í tilefni af 80 ára afmæli félagsins þann 1. júní 2016.

Tillaga 9

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 14. apríl 2016 lýsir áhuga sínum á stofnun almenningsíþróttadeildar félagsins.

Tillaga 10

Aðalfundur Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 14. apríl 2016 samþykkir að allar deildir Umf. Selfoss vinni í samræmi við gildandi siðareglur félagsins.

12. Verðlaunaafhending.

Formaður og framkvæmdastjóri afhentu eftirfarandi viðurkenningar:

- Örn Guðnason fékk afhentan Björns Blöndals bikarinn fyrir framúrskarandi störf í þágu félagsins.
- Fimleikadeild Umf. Selfoss fékk afhentan UMFÍ bikarinn sem deild ársins fyrir þrennuna árið 2015 þegar meistaraflokkur félagsins varð Íslands-, bikar- og deildarmeistari.

- Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir handknattleikskona var valin íþróttakona Umf. Selfoss 2015.
- Daníel Jens Pétursson taekwondamaður var valinn íþróttakarll Umf. Selfoss 2015.

Kaffihlé.

13. Umræður og afgreiðsla tillagna.

Tillögur sem lágu fyrir fundinn voru bornar upp í heild sinni og voru þær samþykktar samhljóða.

14. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinn.

15. Gissur Jónsson lagði fram fjárhagsáætlun 2016 aðalstjórnar til samþykktar og deilda til staðfestingar. Fjárhagsáætlanir deilda 2016 hafa þegar verið samþykktar á aðalfundum deildanna og voru þær staðfestar á fundinum.

Fjárhagsáætlun aðalstjórnar var samþykkt samhljóða.

16. Stjórnarkjör.

Eftirfarandi tillaga um skipan stjórnar var samþykkt samhljóða:

Formaður: Guðmundur Kr. Jónsson

Gjaldkeri: Sverrir Einarson

Ritari: Viktor Stefán Pálsson

Meðstjórnendur: Hjalti Þorvarðarson og Jóhann Helgi Konráðsson

Eftirfarandi tillaga um tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara var samþykkt samhljóða:

Brynja Hjálmtýsdóttir og Kristín Traustadóttir.

Til vara: Snorri Sigurfinnsson og Ólafur Ragnarsson.

Eftirfarandi tillaga um skipan jólasveina- og þrettándanefndar var samþykkt samhljóða:

Svanur Ingvarsson, Þröstur Ingvarsson, Guðmundur Kr. Ingvarsson og Þórarinn Ingólfsson.

17. Önnur mál.

Örn Guðnason tók til máls og þakkaði fyrir þann heiður sem honum var sýndur fyrir í kvöld er honum var afhentur Björn Blöndal bikarinn. Hann hvatti fundarmenn til að gleyma því ekki að við værum öll í sama félaginu, samkennd og samvinna væri afar mikilvæg og það fleyti félaginu langt.

Gissur Jónsson tók því næst til máls og greindi frá útgáfu Braga – ársriti félagsins. Hann sagði að ætlunin væri að gefa út fleiri tölublöð á næstu árum í tengslum við aðalfund félagsins og hverju blaði væri ætlað að fjalla um hvert almannaksár. Hvatti hann fundarmenn til að láta ritnefnd vita af góðum hugmyndum um efnistöð og til að

taka myndir úr félagsstarfinu sem hægt væri að nýta í næsta tölublað. Þá þakkaði hann samstarfið við framkvæmdastjórn og allar deildir félagsins og fundarmönnum fyrir fundinn.

Að lokum tók formaðurinn félagsins Guðmundur til máls og þakkaði fyrir það traust sem honum hefur verið sýnt. Hann þakkaði framkvæmda- og aðalstjórn fyrir gott starf á síðastliðnu ári, sömuleiðis þakkaði hann þeim stjórnarmönnum sem hverfa á braut fyrir gott starf og nýja velkomna. Sérstaklega þakkaði hann sunddeildinni fyrir góðar veitingar.

Fundi slitið af fundarstjóra kl. 22.35.

Viktor S. Pálsson

Hróðný Hanna Hauksdóttir